## Námsáætlun fyrir Hönnun og smíði - 5. bekkur
## skólaárið 2024 – 2025

**Kennari:** Manfred Lemke
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku hálft skólaárið

## Virðing-Ábyrgð-Árangur-Ánægja

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk** | Læri að nota verkfæri og vélar við hæfi á öruggan hátt.<br><br>Kynnist hættum sem fylgja notkun verkfæra og véla sem þau nota.<br><br>Unnið úr nokkrum gerðum smíðaefna s.s. mdf, krossvið, tré, plasti og málmum.<br><br>Kynnist magvislegum samsetningaraðferðum og kostum þeirra.<br><br>Unnið eftir leiðbeiningum við hæfi. | s.s hefilbekk, helstu mælitæki s. s. málstokk og málband.<br>Nemendur læri að nota raspa, þjalir og mismunandi sandpappír sem hæfir efni.<br><br>Nemendur læri að nota sög, hamar, naglbít, skrúfjárn,og flest önnur handverkfæri. Einnig borvél, juðara og tifsög. | Kennari sinnir leiðsagnarmati á meðan á vinnu nemenda stendur.<br>Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu.<br><br>Frammistaða í tímum er metin. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Hönnun og tækni** | Tjáð hugmyndir sínar með skissu<br><br>Geti gert einfalda vinnuteikningu og málsett hana.<br><br>Lesið einfalda teikningu og smíðað eftir henni.<br><br>Valið samsetningar sem hæfa.<br><br>Framkvæmt einfaldar samsetningar<br><br>Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form, uppbyggingu og notagildi.<br><br>Geti sagt frá orkugjöfum sem nota má til að knýja smíðaverkefni.<br><br>Geti bent á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast hans daglega lífi.<br><br>Geti greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.<br><br>Valið og notað yfirborðsmeðferð. | **Nemendur læra:**<br>Nemendur teikna mynd af viðfangsefni eftir eigin hugmynd, yfirfæra á efnivið sem á að nota. Forma með viðeigandi verkfærum. Slípa, lita og lakka.<br><br>að setja saman hluti s.s. líma, negla og skrúfa.<br><br>að skissa og málsetja og nota við smíðina<br>að forma hlutinn með að slípa, sverfa og pússa<br><br>t.d. um vogarafl, gorma og teygjur<br><br>s.s. tölvur, símar, ský, þurfum ekki að fara út í búð, getum pantað og borgað í gegnum netið.<br><br>s.s. afhverju notum við hnífapör og afhverju eru þau alltaf svipuð?<br><br>að læri að nota akrýlliti, bæs, lakk og olíu. | Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. |

<table>
<tr>
<td>Umhverfi</td>
<td>Kynnist íslensku hráefni<br><br>Notað ný og endurunnin efni í smíðavinnu.<br><br>Noti tilheyrandi hlífðarbúnað og vinnustellingar.</td>
<td>Nemendur læri um íslenskar viðartegundir<br><br>Sem dæmi: Nemandi finnur efni úti, kemur með efnið í smíðastofuna og vinnur með það.<br><br>að nota eyrnahlífar og hlífðargleraugu eftir atvikum<br>rétta líkamsstöðu við vinnu.</td>
<td>Metin er skilningur nemenda á mismunandi smíðaefnum.<br><br>Metin er hænfi til að vinna með ólíkum vinnubrögðum við verkefnagerð.</td>
</tr>
<tr>
<td colspan="4">Námsgögn:<br>Bækur, blöð og efni á netinu til hugmyndavinnu.  Efniviður sem skólinn kaupir og einnig er í boði að nemendur komi með efni sem þeir vilja nota (kannski eitthvað sem þeir hafa fundið í fjörunni eða annarsstaðar).</td>
</tr>
<tr>
<td colspan="4">Lokanámsmat:<br>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið eftir þetta skólaár.<br>Einnig notar kennarinn leiðsagnarmat sem fer fram í hverjum tíma.<br>Nemendur fá endugjöf frá kennara um framgöngu í námi  og safna þannig á hæfnikort sitt.</td>
</tr>
</table>